



Posi+ive
Eye

BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAD 1939



Sjónstöðin
Þjónustu- og þekkingarmiðstöð

Ráðstefna og vinnustofa

Sjáðu, finndu, nýttu! (See it, Find it, Use it) til að styðja við sjón hjá nemendum með viðbótafatlanir

verður haldin í húsi Blindrafélagsins á 2. hæð dagana 27. - 28.
október.

Sjónrænum þáttum er ekki alltaf veitt nægjanleg athygli hjá fötluðum börnum. Á þessari ráðstefnu verða kynntar aðferðir sem eru sérstaklega hannaðar til að mæta þörfum barna með sjónskerðingu auk annarra fatlana. Þessar aðferðir eru einfaldar og aðgengilegar, og nýtast fólki sem vinnur með börnum sem eru með samsetta fötlun þar sem vantar oft upp á sjón og sjónúrvinnslu. Ráðstefnan og vinnusmiðjurnar verða þátttakendum hvatning til að finna sínar eigin leiðir og þróa aðferðir sem henta við mismunandi aðstæður. Þessar aðferðir má jafnframt nota til að fylgjast með framvindu sjónþroska barnanna.

Fæstir gera sér grein fyrir að við notum sjónina mest af öllum okkar skynfærum en 70 – 80 % skynjunar fer fram í gegnum sjónina. Það er því mikilvægt að vita hvort og hvernig börn með sérþarfir eru að nota sjónina og hvernig er hægt að ná fram meiri virkni og þátttöku í leik og námi.

Ekki er gerð krafa um þekkingu á sjón eða sjónúrvinnslu.

Ráðstefnan er samstarfsverkefni Blindrafélagsins, Sjónstöðvarinnar, Positive eye UK.

Fyrir hverja er ráðstefnan? Alla! Alla þá sem hafa áhuga á sjón og sjónúrvinnslu, svo sem foreldrar, sérkennarar, þroskaþjálfar o.fl. fagaðilar sem hafa áhuga á að vita meira um mikilvægi sjónar og sjónúrvinnslu.

Athugið að tungumál ráðstefnunnar er **enska**.

Verð á ráðstefnuna er 200 pund eða rúmlega 35.000 isk (miðað við gengi dagsins í dag). Athugið að ekki verður óskað eftir greiðslu fyrr en nær dregur en mikilvægt er að vita þátttökufjölda og skráning því nauðsynleg.

Einnig minnum við á stéttarfélagin styrkja fagtengd námskeið.

Skráning fer fram með því að senda póst á midstod@midstod.is (netfang Sjónstöðvar).

Dagur 1

9 – 9.15	Skráning
9:15 – 9:30	Opnun: Gwyn McCormack, framkvæmdastjóri og eigandi Positive Eye UK, býður fólk velkomið.
9:30 – 9:45	Við mætum þér þar sem þú ert: We'll meet you where you are – let's find you. Rachel Pilling fjallar um hversu auðvelt er að mæta börnum þar sem þau eru stödd og hvernig hægt er að aðstoða þau áfram. eð hjálpkennara/foreldra við að halda áfram að vinna með sjón barna. Rachel Pilling, prófessor og ráðgefandi augnlæknir við kennslusjúkrahúsið í Bradford (NHS Trust) og Prófessor við Háskólann í Bradford.
9:45 – 10:15	Jákvæð sjónörvun: Positive Looking: Simple – Possible – Doable by EVERYONE. Hér fjallar Gwyn McCormack um þær aðferðir sem hægt er að nota í sjónörvun og deilir hugmyndum og leiðum sem eru notaðar í jákvæðri sjónörvun. Ath. appið um jákvæða sjónörvun má sækja hér!
10:15 – 10:30	Kaffi
10:30 – 11:15	Af hverju skiptir jákvæð sjónörvun máli: The What and Why behind Positive Looking. Í þessum fyrirlestri verður fjallað um hvers vegna jákvæð sjónörvun skiptir máli og hvað liggur á bak við hana. Estella Björnsson, sjónfræðingur og Elva Jóhannesdóttir, augnlæknir hjá Sjónstöðinni – Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnaskerðingu.
11:15 – 12	Sérðu það sem ég sé: "Do you see what I see?" Rachel Pilling útskýrir einhverfu og sjónskerðingu og sjónúrvinnslu. Rachel Pilling, prófessor og ráðgefandi augnlæknir við Bradford kennslusjúkrahús (NHS Trust) og prófessor við Háskólann í Bradford, UK
12 – 13	Hádegismatur
13 - 14	Að nota sjónina og hreyfa augun: Using the Eye for Positive Movement. Hér verða skoðaðar leiðir til að nota þær sjónleifar sem barnið nýtir og aðstoða það við að finna tækifæri til að æfa færni við að fylgja eftir með augunum og efla samhæfingu augna og handa. Einnig að lesa í hvernig barnið beitir augunum og hvernig hægt er að nota sögur til að auka sjálfstæði.

	Dr. Elizabeth (Beth) Foster, Ph.D. dósent við West Chester University, PA í aðlagaðri íþróttakennslu og verkefnastjóri útskriftarnema. Framkvæmdastjóri Camp Abilities í Pennsylvaníu-ríki.
14 – 14:45	Jákvæð sjónörvun í notkun: Positive Looking in Action. Hér verður fjallað um hvernig hægt sé að gera umhverfið heppilegt til sjónörvunar. Hvaða gögn er hægt að nota til sjónörvunar. Setting up the environment for Positive Looking, Gwyn McCormack, Positive Eye, UK.
14:45 - 15:15	Kaffi
15:15 - 16	Jákvæð sjónörvun í notkun framhald: Positive Looking in Action Positive Looking Everywhere You Go!
16	Lok á fyrri degi

Dagur 2

9 – 9:15	Opnun og vinnusmiðja um gerð gagna fyrir jákvæða sjónörvun. Gwyn McCormack, Positive Eye UK.
9:15 – 10:45	Jákvæð sjónörvun, jákvæð áhrif á sögustund. Positive Looking = Positive Impact in the States Utilizing the Storytime Show. Í þessum fyrirlestri verða skoðuð áhrif þess að nota jákvæða sjónörvun í gegnum sögustund. Að notast við læsi og þróun læsis. Margir halda að læsi feli í sér að kunna að lesa og skrifa, en hjá börnum sem hafa viðbótarfatlanir er það ekki það sem skiptir máli heldur upplifunin af læsi. Nokkur ríki Bandaríkjanna tóku sig saman við að búa til aðgengilegt efni sem var sýnt í gegnum zoom ogvar aðgengilegt öllum í fjölskyldunni. Með því fengu börnin aðgengi að læsi beint inn á heimilið. Dr. Donna Carpenter, Kentucky Deafblind Project, Danna Conn, Tennessee Deafblind Project og Robert Hill, South Carolina Deafblind Project
10:45 - 11	Kaffi
11 – 11:45	Vinnustofa: Jákvæði sjónörvun, sögugerð: Positive Looking - Story Writing. Gwyn McCormack, Positive Eye, UK.
11:45 – 12:30	Sjáðu, finndu, nýttu!: See It Find It Use It. Ný nálgun fyrir börn með heilatengda sjónskerðingu. Rachel Pilling, prófessor og ráðgefandi augnlæknir við Bradford kennslusjúkrahús (NHS Trust) og prófessor við Háskólann í Bradford, UK. Daniel Downes, Team Leader for Children with VI, Salford, UK.
12:30 - 13:30	Hádegismatur
13:30 – 14:15	Litið fram hjá hindrunum: Looking Past the Barriers:

	Hvernig Kentucky-fylki innleiddi jákvæða sjónörvun í öllum sínum skólum og allri ráðgjöf. Dr. Donna Carpenter, Deafblind Project, Kentucky, Robbin Cox, Outreach Consultant, Kentucky og Angela Powell, Outreach Consultant, Kentucky.
14:15 – 15:30	Vinnustofa , áframhald: Að útbúa efni fyrir sjónræna örvun: Create a 'Positive Looking Everyday by Everyone Toolkit' to takeaway. Gwyn McCormack, Positive Eye, UK
15:30 – 16	Spurningar, lokaorð.



Posi+ive
Eye

BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAD 1939



Sjónstöðin
Þjónustu- og þekkingarmiðstöð